

Starfsábyrgðartrygging græðara er lögboðin váttrygging sem byggir á lögum um græðara nr. 34/2005 og reglugerð um starfsábyrgðartryggingu græðara nr. 876/2006. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Váttryggður er sá græðari sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegna skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan græðara þegar þriðji maður verður fyrir tjóni sem rakið verður til gáleysis í störfum hans samkvæmt 4. gr. laga nr. 34/2005 um græðara.

3. gr. Undanþágur

Váttryggingin tekur ekki til:

- Ábyrgðar sem váttryggður tekur á sig og er víðtækari en lögboðin bótaskylda hans sem græðara.
- Líkamstjóns eða skemmda á munum sem hlýst af öðrum ástæðum en meðferð græðara.
- Tjóns sem hlýst af bótaskyldri háttsemi váttryggðs eftir að starfsleyfi hans hefur fallið niður eða starfsheimildir hans eru af öðrum ástæðum ekki lengur fyrir hendi.

4. gr. Tímatakörk

Váttryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn váttryggðum sem til stofnast á váttryggingartímanum, án tillits til þess hvenær það atvik varð, sem krafan reis af.

Skaðabótakrafa telst gerð þegar hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- Að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur váttryggðum.
- Að váttryggðum verður fyrst kunnugt um, að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem kann að verða rakið til gáleysis váttryggðs eða starfsmanna hans, eða að bein hættu er á að slíkt tjón verði.

Váttryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem gerð hefur verið á hendur váttryggðum á váttryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi 3 mánuðum eftir lok váttryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á váttryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan 3 mánaða eftir lok váttryggingarinnar, tekur váttryggingin ekki til slíks tjóns nema váttryggður hafi mótttekið skriflega skaðabótakröfu og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan 2 ára eftir lok váttryggingarinnar.

5. gr. Sérregla um uppsögn

Váttryggingunni lýkur ef váttryggður fullnægir ekki lengur lögum skilyrðum um starfsleyfi. Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi, ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola (þriðja manni) á hverju tjóni sem rekja má til tjónsatvika sem verða þar til fjórtán dagar eru liðnir frá því að félagið tilkynnti Bandalagi íslenskra græðara að váttryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið keypt.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.